

Lífsleikni 7. bekkur

Kynning á námsgreininni og kennsluaðferðir

Lífsleikni 7. Bekkur

Í lífsleikni verður farið í ýmislegt efni um vaxandi hugarfar og uppeldi til ábyrgðar. Farið verður yfir hugtök eins og gildi, sjálfsþekking og að setja sér markmið. Skilningur á á þeim hugtökum veitir nemendum grunn til að nýta sér slík verkfæri í daglegu lífi. Markmið vetrarins er að kenna nemendum listina að lifa í nútíma samfélagi

Tímafjöldi: kennslustundá viku 40 mín.í senn yfir heilt skólaár.

Námsgögn og kennsluefni Þau námsgögn sem helst stuðst er við í kennslunni og nemandi þarf að nýta sér við námið eru:

- „Ertu“ vinnubók í lífsleikni
- Stattu með þér
- Stöndum saman
 - Uppeldi til ábyrgðar

Námsáætlun

Námsfyrirkomulag og námsaðlögun

Í meginatriðum fer námið og kennslan í skóla og heima (utan skóla) fram á eftirfarandi hátt:

- Einstaklingsvinna
- Hópavinna
- Samræður
- Lausnir fundnar á uppákomum daglegs lífs
- Bekkjárfundir
- Myndefni af netinu

Verkefni:

Unnið er með verkefnabókina Ertu? jafnt og þétt yfir veturinn. Ýmis stærri verkefni vinna nemendur þess á milli.

Í tengslum við eineltisdaginn, sem er í nóvember, vinna nemendur plakat um einelti.

Hæfniviðmið:

Sýnt fram á skilning á mikilvægum gildum, svo sem kærleika, mannhelgi, félaglegu réttlæti og umhyggju fyrir öðrum mönnum og öllu lífi

Lýst margbreytileika tilfinninga og bent á víxlverkun tilfinninga, hugsunar og samskipta

Verkefnið "Svona er ég" er kynning á nemendum en það er unnið í desember.

Hæfniviðmið:

Lýst sjálfum sér og tekið dæmi um þætti sem hafa áhrif á sjálfsmynd hans, svo sem úr nærsamfélagi, umhverfi og menningu

Sett sér markmið og framtíðaráætlun, til að stefna að í framtíðinni í samræmi við eigin styrkleika og áhuga

í febrúar byrjum við að fara yfir samskipti og búum til góð og slæm samskipti, leikum þau efitr og rýnum í það sem betur

mætti fara.

Hæfniviðmið:

Lýst margvíslegum tilfinningum og áttað sig á hugsum og hegðun

Gert sér grein fyrir eigin styrkleikum og veikleikum

Samfélagið er verkefni þar sem nemendur kynnar sér nærsamfélagið sitt og lýsa hvernig er að vera þátttakandi því. Einnig taka þau að sér einhverja starfsemi innna þess og kynna.

Hæfniviðmið:

Lýst sjálfum sér og tekið dæmi um þætti sem hafa áhrif á sjálfsmynd hans, svo sem úr nærsamfélagi, umhverfi og menningu Vegið og metið áhrif fyrirmynda og staðalímynda, hvernig vinna megi með þau á sjálfstæðan og uppbyggjandi hátt.

Grunnþættir menntunar

Heilbrigði og velferð

Sýnir frumkvæði, vinnur sjálfstætt og í hóp, tekur þátt í samvinnuverkefnum

Fær tækifæri til að vinna út frá áhuga og styrkleikum

Beitir grunnfærni og undirstöðuatriðum í vinnubrögðum

Fer eftir reglum og vinnur með jafnrétti að leiðarljósi

Temur sér gagnrýna hugsun og skoðum

Janfrétti

Fræðist um mismunun og forréttindi fólks í víðum skilningi

Tekur tillit til skoðana annara

Metur og bregðst við ólíkum skoðunum á fordómalausán hátt

Fær tækifæri á að velja verkefni við hæfi sem hefur áhrif á útkomu

Kemur fram við aðra af virðingu og ábyrgð

Lýðfæði og mannréttindi

Lærir um lýðræði, til lýðræðis, í lýðræði

Tekur þátt í lýðræðislegur samstarfi og samræðu

Getur metið og brugðist við ólíkum skoðunum og upplýsingum á fordæmalausan og gagnrýnninn hátt

Öðlast þekkingu á menningarlausni s.s. ákveðnum menningarverðmætum og sögulegum staðreyndum

Læsi

Tjáir sig um verkefni sín og notar hugtök sem tengjast viðfangsefninu

Nýtir tækni sem hentar til verkefnavinnu

Sjálfbærni

Notar kennslubækur og önnur hjálpargögn við vinnu sína

Er virkur og tekur þátt í samvinnu

Sköpun

Nýtir tæknina á skapandi hátt

Virkjar hugmyndaflugið til að vinna og finna lausnir á verkefnum

Nýtir hæfileika sína og skapar afurð

Námsmat

Gefinn er einkunn í bókstöfum, miðsvetrar- og lokaeinkunn.

Nemendur fá lokið eða ólokið fyrir þau verkefni sem unni eru en hæfniviðmið lýsir stöðu nemandans.

Vinnuframlag, virkni og vinnubók eru hluti af námsmati.

Vægi verkefna í lokaeinkunn eru:

Plakat. 15%

Kynning 20%

Samskipti 20%

Samfélagið 20%

Vinnubók, vinnuframlag og virkni 25%

Hlutverk og vinnulag nemandans

- öðlist aukinn skilning á sjálfum sér og þeim gildum sem þeim finnst mikilvæg
- efli og styrki sjálfsmynd sína
- læri að bera virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum
- þjálfist í að vera læsir á eigin tilfinningar og annarra
- læri ýmsar gagnlegar aðferðir í samskiptum
- geri sér grein fyrir réttindum sínum og skyldum og í hverju borgaravitund felst
- geri sér grein fyrir eigin ábyrgð í tengslum við umhverfismál og umhverfisvernd